

Ed.

240. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er upphaflega flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá 16. júlí s. l. sumar.

Þegar gjald þetta var lagt á, kom það mjög þvert á loforð ríkisstjórnarinnar, sem gefið var launþegasamtökunum í sambandi við lausn síðustu kjarasamninga. Þá var beinlínis samið um lækkun skatta, sem framkvæmd var í formi tekjuskatts, en tekin aftur með þessari sérstöku skattlagningu.

Um leið og brbl. voru sett, lýsti ríkisstjórnin því yfir, að gjald þetta yrði felld niður um næstu áramót. Nú er hins vegar komið í ljós, að gjaldið á að standa áfram og verður það 10% næstu 8 mánuði, en 6% fjóra seinustu mánuði ársins. Þessi ákvörðun felur í sér 2200 millj. kr. skattaálögur til viðbótar öðrum nýjum skattahækkunum, 1% brúttóskatti og 2% söluskatti, en samtals nema þessar nýju skattaálögur um 5 500—6 000 millj. kr.

Nýlega lagði Alþýðusamband Íslands fram tillögur um aðgerðir í efnahagsmálum, sem gætu stuðlað að minnkandi verðbólgu, jafnhliða því sem stefnt væri að því í komandi kjarasamningum að leiðrétta kjör launamanna.

Þessar nýju, gífurlegu skattaálögur eru eins og köld gusa framan í verkalýðshreyfinguna og munu torvelda verulega þá samninga, sem í hönd fara. Auk þess eru flestir þessir nýju skattar sérlega ranglátir, t. d. 1% brúttóskatturinn, og engin tilraun er gerð til að skattleggja hinar miklu tekjur í þjóðfélaginu, sem enginn skattur er á lagður og nema þúsundum milljóna króna.

Af þessum ástæðum er ég andvígur því, að vörugjaldið sé framlengt, og mun greiða atkvæði gegn samþykkt þess.

Alþingi, 18. des. 1975.

Ragnar Arnalds.